

Nd.

156. Tillaga

til þingsályktunar um undirbúning til útrýmingar fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fjárkláðamálið fyrir Alþingi 1931, með því að leita upplýsinga, láta rannsaka og gera tilraunir með baðlyf, hlutast til um, að nægilega margar sundþrær til sauðfjárbaðana verði bygðar í hverjum hreppi, safna skýrslum um útbreiðslu kláðans og endurskoða nógildandi kláðalöggjöf.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkv. áskorun nýafstaðins búnaðarþings og er að mestu samhljóða tillögu, er það samþykki. Nefnd sú, er hafði mál þetta til meðferðar á búnaðarþingi, segir svo í álitinu um málið:

»Búfjárræktarnefnd lítur svo á, að þrátt fyrir lögskipaðar þrifabaðanir

og stórfje, sem varið hefir verið úr rikissjóði frá sveitarfjelögum og einstökum mönnum til fjárkláðalækninga, sje kláðinn enn svo útbreiddur um landið, að stærri eða minni kláðafaraldur geti brotist út hvenær sem er og valdið miklu tjóni, auk hinna miklu óþæginda, sem eru samfara endurteknum kláðaböðunum (tvíböðin) á fárra ára millibili, að ógleymdu mörgu öðru tjóni, beinu og óbeinu, sem af kláðanum hlýst. Hinsvegar sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til, að róttækar ráðstafanir sjeu gerðar nú í bili til þess að útrýma kláðanum; telur hún, að undirbúning skorti til þess að jafnkostnaðarsamar ráðstafanir geti komið að tilætluðu gagni.

— — — — —
»Með því að Alþingi feli ríkisstjórninni þenna nauðsynlega undirbúning á málinu og veiti henni aðstöðu til þess að geta framkvæmt hann, er stigið hið fyrsta og óhjákvæmlega spor til þess að undirbúa það, að þrifaðanir og kláðabaðanir sjeu framkvæmanlegar og geti komið að verulegu gagni.

Ef skýrslur um útbreiðslu kláðans sýndu, að kláðinn væri útbreiddur yfir mestan hluta landsins, væri og væntanlega fengin aðstaða til þess að lögþjóða kláðaböðun í eitt skifti fyrir öll, og iafnframt þyrftu í þeirri löggjöf að vera fyrirmæli, sem ákveða um það, á hvern hátt að mæta ætti hverju kláðatilfelli, sem kynni að koma fram eftir kláðaböðunina.